

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 300/2014****2015/EES/71/47****frá 12. desember 2014****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðildarríkja EES-samningsins þannig að það taki til reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 721/2014 frá 16. júní 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 219/2007 um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að þróa nýja kynslóð evrópsks kerfis fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (SESAR) að því er varðar framlengingu á starfstíma sameiginlega fyrirtækisins til 2024 <sup>(1)</sup>.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2014 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. neðanmálgrein málgreinar 8b í 1. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„– **32014 R 0721**: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 721/2014 frá 16. júní 2014 (Stjtið. ESB L 192, 1.7.2014, bls. 1).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst (\*).

Hún gildir frá 1. janúar 2014 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 192, 1.7.2014, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.